

Nd.

75. Tillaga

til þingsályktunar um jarðeignaskýrslur.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Steingrímur Steinþórsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að safna í eina heild þeim upplýsingum, sem fyrir liggja í jarðamati frá 1930 um ástand jarðeigna í landinu, svo að

glögggt yfirlit fáist um ræktunarástand, hýsingu, ábúð og annan fróðleik, er mestu máli skiptir fyrir löggjafarvald og lánsstofnanir.

Skýrslur um þetta séu gefnar út og greiðist kostnaður úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í jarðlýsingum þeim, er jarðamatinu fylgja, er saman kominn hinn bezt fróðleikur um ástand jarðeigna í landinu. Í jarðamati frá 1920 var lítið af þeim fróðleik, sem þar var að finna, gerður aðgengilegur fyrir almenning. Nú er það augljóst, að einmitt þessar upplýsingar eru mjög nauðsynlegar við nýja lagasetningu um fjölmargt, er landbúnaðinn varðar, og einnig við lánveitingar Búnaðarbankans.

Það er því nauðsynlegt, að ríkisstjórnin láti framkvæma þetta hið fyrsta. Mætti fela hagstofunni að gera það með aðstoð Búnaðarfélags Íslands.